

Ár 2014, mánudaginn 16. júní kom stjórn SSNV saman til fundar kl. 09:30 í Hamarsbúð á Vatnsnesi, Húnaþingi vestra.

Mætt til fundar: Bjarni Jónsson, Þóra Sverrisdóttir, Ágúst Þór Bragason, Leó Örn Þorleifsson, Hanna Þrúður Þórðardóttir og Katrín María Andrésdóttir framkvæmdastjóri sat fundinn undir liðum 1 – 7 og 9 – 10, og ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Minjaráð Norðurlands vestra
3. Sóknaráætlun landshluta, vaxtarsamningur 2014.
4. Ársreikningar 2013, starfsemi SSNV
5. Almenningsamgöngur
6. Menningarsamningur Norðurlands vestra 2014
7. Bréf og kynntar fundargerðir
8. Starfsmannamál – framkvæmdastjóri
9. Nordregio, samstarfsverkefni við Færeyjar ofl.
10. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fundargerð 28. apríl sl. staðfest án athugasemda. Eftir er að kynna hana áheyrnarfulltrúum sem sitja fundi um málefni fatlaðs fólks.

2. Minjaráð Norðurlands vestra. Þór Hjaltalín minjavörður Norðurlands vestra kom til fundarins og kynnti áform um skipan minjaráðs en skv. lögum nr. 80/2012 skal setja á laggirnar minjaráð á hverju minjasvæði. Unnið er að reglugerð. Þór kynnti hugmyndir að innihaldi reglugerðarinnar og óskaði eftir athugasemdum fyrir 15.ágúst nk. Áætlað er að minjaráð Norðurlands vestra hefji starfsemi í haust og mun SSNV væntanlega tilnefna fulltrúa á þann vettvang. Þór yfirgaf fundinn.

3. Sóknaráætlun landshluta, vaxtarsamningur 2014. Þann 12. maí 2014 undirrituðu fulltrúar SSNV samning um framlög til byggðaþróunar á Norðurlandi vestra 2014. Þann 11. júní fengu fulltrúar SSNV í hendur undirritað eintak af samningnum. Samkvæmt samningnum er skilafrestur á tillögum um úthlutun sóknaráætlunarfjármuna til 10. júní en frestur fékkst á þeirri dagsetningu til 16. júní. Samningurinn kveður annars vegar á um stuðning til verkefna á vettvangi sóknaráætlunar landshlutans kr. 10.584.000 og hins vegar um fjármagn til verkefna á vettvangi vaxtarsamnings kr. 28.500.000, auk þess sem í grein 3.6 samningnum er kveðið á um að óráðstöfuðum fjármunum úr vaxtarsamningi 2011 – 2013, skuli ráðstafað til verkefna á vettvangi vaxtarsamnings Norðurlands vestra á árinu 2014.

Grein 3.1. er svohljóðandi: „Sóknaráætlunarfjármunum skal varið til verkefna sem byggja á sóknaráætlun landshlutans fyrir árið 2013“

Þar sem svo langt var liðið á árið þegar samningurinn fyrir 2014 komst á, taldi stýrihópur ráðuneytanna rétt að unnið yrði áfram að verkefnum í samræmi við sóknaráætlun 2013. Ekki yrði að þessu sinni kallaður til stærri vettvangur. Stefnumótun vegna árana 2015 – 2017

verður hins vegar ætlaður veglegri tími og víðtækari þátttaka í landshlutunum en nú á árinu 2014. Í þeim samningum sem gerðir hafa verið við landshlutasamtök um menningarmál, sóknaráætlanir og vaxtarsamninga er í öllum tilfellum byggt á sömu skiptiaðferðum og gert var árið 2013. Tillaga formanns og framkvæmdastjóra er því sú að skipting fjármuna til sóknaráætlunar á Norðurlandi vestra 2014, verði í samræmi við hlutfallslega skiptingu fjármuna til sóknaráætlunar á Norðurlandi vestra 2013.

Stjórn SSNV samþykkir að óska eftir því við eftirtalda aðila að þeir taki sæti í verkefnisstjórn Vaxtarsamnings Norðurlands vestra 2014:

Póra Sverrisdóttir, formaður

Vilhjálmur Egilsson

Pétur Bjarnason

Leó Örn Þorleifsson

Björg Baldursdóttir

Framkvæmdastjóra falið að undirbúa auglýsingu og framkvæmd úthlutunar.

4. Ársreikningar 2013, starfsemi SSNV.

Verið er að leggja lokahönd á gerð ársreikninga hjá KPMG. Afgreiðslu þeirra frestað.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu rekstrar miðað við fjárhagsáætlun.

Framkvæmdastjóri gerði einnig grein fyrir stöðu mála vegna umsókna um stöðu atvinnuráðgjafa á sviði ferðaþjónustu, en umsóknarfrestur um það starf rennur út 19. júní nk. Framkvæmdastjóra og varaformanni falið að vinna úr umsóknum í samráði við fagráð ferðaþjónustunnar.

Stjórn SSNV staðfestir fyrirhugaðar skipulagsbreytingar sem felast í því að lagðar verða niður tvær stöður almennra atvinnuráðgjafa hjá SSNV atvinnuþróun. Þess í stað verði ráðnir tveir atvinnuráðgjafar annar með menningarmál sem sérsvið og hinn með ferðaþjónustu sem sérsvið. Framkvæmdastjóra falið að ræða við menningarfulltrúa um að gegna starfi atvinnuráðgjafa með menningarmál sem sérsvið, en hann hefur starfað sem menningarfulltrúi frá 1. september 2007 og síðar sem menningarfulltrúi og atvinnuráðgjafi.

Framkvæmdastjóra falið að ljúka ráðningarsambandi við þann almenna atvinnuráðgjafa sem skemmstan starfsaldur hefur hjá SSNV atvinnuráðgjöf, svo rými skapist í fjárhagsáætlun fyrir sérhæfðan starfsmann. Í stað þess almenna atvinnuráðgjafa verði ráðinn atvinnuráðgjafi með ferðaþjónustu sem sérsvið, í samræmi við samning sem gerður var við félög í ferðaþjónustu á Norðurlandi vestra 10. apríl 2014.

Markmið skipulagsbreytinganna er að auka hagræðingu, skilvirkni og samleggðaráhrif í starfsemi SSNV atvinnuþróunar og á vettvangi menningarsamnings Norðurlands vestra.

Jafnframt er skipulagsbreytingunum ætlað að koma til móts við óskir og þarfir ferðaþjónustuaðila á Norðurlandi vestra en vinna við að útvega greininni sérstakan starfsmann sem ynni náði með ferðaþjónustunni og samstarfsverkefnum á vettvangi hennar hófst í ársbyrjun 2013.

Framkvæmdastjóra falið að vinna áfram að framangreindum skipulagsbreytingum í samráði við stjórn.

5. Almenningsamgöngur. Formaður og framkvæmdastjóri gerðu grein fyrir fundi sem þeir sátu með fulltrúm SSV og FV vegna verkefnisins. Guðjón Bragason sviðsstjóri velferðar- og lögfræðisviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga var einnig viðstaddur fundinn. Stjórn SSNV lýsir þungum áhyggjum af því með hvaða hætti rekstrarumgjörð verkefnisins hefur þróast og þá einkum varðandi skort á sérleyfisvernd og forsendubresti varðandi endurgreiðslu olúgjalds. Ekki verður séð að landshlutasamtök sveitarfélaga geti fram haldið verkefninu við óbreytt skilyrði. Ástæða er til að óttast um þá mikilvægu þjónustu sem Strætó hefur innt af

hendi við íbúa svæðisins og aðra sem leið eiga um svæðið. Fulltrúm SSNV falið að koma þeim athugasemdum á framfæri á fundi sem fyrirhugaður er með innanríkisráðherra þann 19. júní nk.

6. Menningarsamningur Norðurlands vestra 2014. Fyrir fundinum liggur Menningarsamningur Norðurlands vestra 2014 sem undirritaður var í maí sl. Samningurinn kveður á um að framlag ríkisins til Menningarmála á Norðurlandi vestra verði kr. 30.593.000. Stjórnin hafði áður samþykkt samninginn í tölvusamskiptum til að greiða fyrir úthlutun til menningarverkefna.

7. Bréf og kynntar fundargerðir:

- a) Markaðsskrifstofa Norðurlands, stjórnarfundargerð 1. apríl 2014, lögð fram til kynningar.
- b) Samband íslenskra sveitarfélaga, stjórnarfundargerð 815. fundar, 10. Apríl 2014, lögð fram til kynningar.
- c) Fjórðungssamband Vestfirðinga, stjórnarfundargerð, 4. júní 2014, lögð fram til kynningar.
- d) Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, stjórnarfundargerð 15. apríl 2014, lögð fram til kynningar.
- e) Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, stjórnarfundargerð, 24. mars 2014, lögð fram til kynningar.
- f) Samtök sunnlenskra sveitarfélaga, stjórnarfundargerð, 13. maí 2014, lögð fram til kynningar.
- g) Innanríkisráðuneyti, erindi með tölvupósti, dags. 4. júní og 5. júní sl. þar sem óskað er umsagnar frá landshlutasamtökunum vegna breytinga sem áður hafa verið kynntar og varða embætti sýslumanna og lögreglustjóra og staðsetningu þjónustunnar. Erindið var sent áfram til sveitarfélaga á starfssvæði SSNV og þeim boðið að koma á framfæri umsögnum. Stjórn SSNV leggur við framangreindar breytingar áherslu á að:
 - Öryggi og þjónusta við íbúa á Norðurlandi vestra verði tryggð með ásættanlegum hætti í öllum sýslunum þremur og skerðist ekki frá því sem nú er.
 - Opinberum störfum á svæðinu fækki ekki og ekki verði rýrt verðmæti þeirra starfa sem sinnt verður af hálfu Innanríkisráðuneytisins á svæðinu.
 - Lögð verði sem fyrst fram tímasett áætlun um flutning verkefna og starfa til svæðisins, líkt og boðað var við breytingar á skipun sýslumanns- og lögreglustjóraumdæma.

8. Starfsmannamál – framkvæmdastjóri.

Katrín María Andrédóttir, sat ekki fundinn undir þessum lið.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Jóni Óskari Péturssyni framkvæmdastjóra, dags. 15. maí 2014, þar sem hann óskar eftir að láta af störfum, en hann hefur verið í námsleyfi frá 1. ágúst 2013. Jafnframt þakkar hann stjórn SSNV, starfsfólki SSNV og sveitarstjórnarfólki á Norðurlandi vestra fyrir samstarfið og óskar velfarnaðar.

Stjórn SSNV samþykkir að auglýsa starf framkvæmdastjóra laust til umsóknar í prent- og vefmiðlum 21. júní nk., umsóknarfrestur verði til 7. júlí. Fyrirspurnum vegna umsókna um starfið verður beint til formanns stjórnar SSNV.

9. Nordregio, samstarfsverkefni við Færeyjar ofl. Framkvæmdastjóri lagði fram upplýsingar um verkefni sem unnið er að með samstarfsaðilum í Færeyjum ofl. Verkefnið hlaut styrk frá Nordregio Danstar kr. 160.000, sem skiptast milli samstarfsaðila í takt við framlagða kostnaðaráætlun og verkþætti. Verkefnið er óbeint framhald af samstarfsverkefni sömu aðila sem unnið var að á fyrra ári og fram kemur í ársreikningi SSNV atvinnuþróunar 2013.

Óskað hefur verið eftir aðkomu starfsmanna og stjórnarmanna SSNV að verkefninu. Framkvæmdastjóra falið að útfæra það nánar og afla frekari upplýsinga um kostnað vegna þess.

10. Önnur mál

a) Framkvæmdastjóri lagði fram vinnuskjöl vegna könnunar sem gerð var um Sóknaráætlunarverkefni sem SSNV hefur haft með höndum og varðar umfjöllun N4 um svæðið. Könnuninni er lokið en eftir er að vinna nánar úr upplýsingum. Lögð verður fram til stýrihóps stjórnarráðsins greinargerð um könnunina sem er hluti af árangursmati verkefnisins. Fyrstu niðurstöður benda til þess að mikil ánægja sé með verkefnið, umfjöllun hafi leitt til aukinnar vitundar og eftirspurnar eftir vörum og þjónustu hjá þeim sem fjallað var um. Ýmsar ábendingar komu fram um efnistöð og annað sem eftir er að gera nánari skil.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl. 16:30.